

Þegar það nú aftur leit við, lá hann þar sundurbrotinn og óþekkjanlegur. Stúlkan hafði fallið út af steininum, og faðir hennar bar hana burt.

Æskulýðurinn, sem mest hafði eggjað Leif til bjarggönguunnar, þorði nú ekki einu sinni að hreifa við honum eða veita honum nokkra hjálp, sumir treystust ekki einu sinni til að líta á hann. Hinir eldri urðu því að veita honum nábjargirnar. En um leið og þeir gjörðu það, sagði sá elzti í hópnun: „Þetta var heimskulegt,— en,“ bætti hann við og horfði upp á brúnina, „það er þó gott, að eitthvað er svo hátt upp hafið, að almenn-ingur nær ekki til þess.“

GAMLIR MOLAR

LEO PÁFI XIII.

ÁHRIF VESTURHEIMS Á PÁFAVALDIÐ.

Eftir E. Melchior de Vogilé í "The Forum" (Kringsjá IX. b. 1897)

Jón Jónsson frá Sleðbrjót þýddi.

Það hafa þegar verið skrifaðar margar merkilegar bækur um áhrif „Nýja heimsins“ á gamla heiminn, og því glögglega lýst, hvernig gamli heimurinn hafi orðið fyrir áhrifum af hinum nýja heimi og sögið í sig þaðan nýtt líf og fjör. O. H. Overland hefir bent oss á þau áhrif, sem bréfin að vestan, frá vinum og vandamönnum, hafi á þúsundir heimila, þau áhrif eru auðsælega ein sterkasta lyftistöngin í voru nýja þjóðlífi,— bæði til góðs og ills. Hið sama má segja um öll Norðurálfulöndin. Enda bókmentir og listir eru að byrja að verða fyrir áhrifum að vestan. Whitman og Poe' hafa sýnileg áhrif á franskar bókmentir, og þar af leiðandi á allar bókmentir Norðurálfunnar. Sama er um vísindin. T. d. í stjörnufræði eru Vesturheimsmenn fremstir í flokki. Í heimspeki hafa Bandaríkjamenn lagt til drjúgan skerf og gjöra það eflaust meira og betur er stundir líða. Í guðfræði hugsandi manna hafa þeir einnig